



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Umhverfis- og skipulagssvið

Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um áætlanir um að setja Miklubraut í stokk - R19090131

Eftirfarandi framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði var send umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar:

Borist hafa svör við fyrirspurnum Flokks fólksins sem lúta að Miklubraut í stokk, hvert var markmið skipulagsyfirvalda borgarinnar með að setja Miklubraut í stokk og hvað vinnst með því. Í svarinu segir m.a.: „Með því megi bæta samgöngur allra ferðamáta og draga úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar á loftgæði og hljóðvist, megi skapa mun betri N-S tengingar milli hverfahluta fyrir um 17 þús. manns sem búa á svæðinu í dag og með því megi þróa byggð á vannýttum veghelgunarsvæðum-fjölga íbúðum og byggja upp atvinnu og þjónustu á eftirsóttum reitum, miðsvæðis í borginni. Aksturinn á að styttest og byggingarmagn gæti orðið yfir 200 þús. fermetrar.“

Í framhaldi af þessu svari vill borgarfulltrúi Flokks fólksins spyrja um nokkra frekari óvissuþætti.

- 1. Varla leiða göng til hraðari umferðar eða stytta umferðartímann, nema að aðrar ráðstafanir verði gerðar. Svo sem að bæta umferðarflæði beggja megin við göngin. Verður það hægt?*
- 2. Spurning um loftgæði: Hvert fer mengaða loftið úr göngunum? Fer það upp um loftop og inn í umhverfið fyrir ofan og heildarloftgæðin haldast þá varla óbreytt? Eða verður mikil mengun inni í göngunum og þá minni fyrir utan?*
- 3. Göngin kosta mikið. Er því fé örugglega vel varið?*

Að neðan er leitast við að svara spurningum að ofan.

1. Umferðarspár benda til að með því að leggja Miklubraut í stokk frá Snorrabraut og austur fyrir Kringlumýrabraut megi minnka ferðatíma bílaumferðar. Á annatímum má búast við að meðalhraði bílaumferðar á þessum kafla Miklubrautar verði hærri en ella og meðalferðatími því styttri. Ekki eru áætlanir í sáttmála ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til næstu 15 ára eða hjá Reykjavíkurborg um að auka flutningsgetu fyrir bílaumferð beggja vegna við vegstokkinn en það er ekki tæknilega útilokað í framtíðinni.

2. Í jarðgöngum og vegstökkum með mikla bílaumferð eru almennt loftræsikerfi til að tryggja nauðsynlegt loftskipti og að mengun þar inni sé innan viðmiðunarmarka. Lofti er þá dælt inn og út á völdum stöðum og á þeim stöðum er mögulegt að setja lofthreinsibúnað. Ekki liggur fyrir hvernig loftræsing og -hreinsun verður háttáð í Miklubrautarstokki, það skýrist á síðari stigum undirbúnings. Gera má ráð fyrir að svifryksmengun í næsta nágrenni Miklubrautar minnki frá því sem annars yrði, að loftgæði verði almennt betri, þar sem hægt verður að stýra því hvar og hvernig mengun úr stokknum kemur út.

3. Áætlaður kostnaður við framkvæmdina, skv. sáttmála um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu, er um 22 milljarðar króna. Ef verja á þessum fjármunum í bættar samgöngur og bætt borgarumhverfi er talið að því fé verði vel varið í þetta verkefni. Eins og fram kemur í fyrra svari eru meginniðurstöður frummats á fýsileika verkefnisins eftirfarandi:

"Frummat bendir til þess að fýsilegt sé að setja meginstraum umferðar á Miklubraut í stökk frá Snorrabraut og austur fyrir Kringlu.

- Með því megi bæta samgöngur allra ferðamáta, skapa góðar aðstæður fyrir almenningsamgöngur, gangandi og hjólandi og styðja vöxt vistvænni samgangna.
- Með því megi draga mjög úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar á loftgæði og hljóðvist þar sem þau eru mest í borginni. Skapa megi mun betri N-S tengingar milli hverfahluta fyrir um 17 þús. manns sem búa á svæðinu í dag.
- Með því megi þróa byggð á vannýttum veghelgunarsvæðum – fjölga íbúðum og byggja upp atvinnu og þjónustu á eftirsóttum reitum, miðsvæðis í borginni. "

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs
Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri

